

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000-2012, reiðstígur meðfram þjóðvegi sunnan Hvítár og vestan byggðar í Laugarási.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 2. febrúar 2007 staðfest breytingu á aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000-2012, frá 22. nóvember 2001.

Breytingin felst í því að gert er ráð fyrir reiðstíg meðfram þjóðvegi sunnan Hvítár og sunnan og vestan við frístundabyggðina vestast í byggðinni, inn á gamla þjóðveginn milli Skálholts og Laugaráss.

Uppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Bláskógabyggðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 2. febrúar 2007.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 20. febrúar 2007